

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1991

28. júní 1991

603

Nr. 309

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1	Almenn notkun	kr.	6,00	(7,47) kWst
A.2	Vinnuvélar, vinnuljós	kr.	9,50	(11,83) kWst
A.3	Utanhúslýsing	kr.	28 530,00	(35 519,85) kW/ár
A.4	Sumarhús	kr.	3,46	(4,30) kWst
B.1	Aflmælur, orkugjald	kr.	2,05	(2,55) kWst
	Aflgjald	kr.	9 020,00	(11 229,90) kW/ár.
C.1	Rofin hitun roftími 1×60 mín.	kr.	5,00	(6,23) kWst
C.2	Rofin hitun roftími 2×90 mín.	kr.	2,00	(2,49) kWst
C.3	Næturhitun eða hliðst. notkun roftími allt að 12 klst. á sólarhring	kr.	2,00	(2,49) kWst
D.1	Hitun í iðnaði:			
	Næturtaxti 20.00–08.00	kr.	2,00	(2,49) kWst
	Dagtaxti 08.00–20.00	kr.	6,50	(8,09) kWst
D.2	Húshitun	kr.	1,33	kWst

Um framangreinda gjaldskráarliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiðir leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitunartæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. FASTAGJALD.

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	2 825,00	(3 517,00)	kr/ári
Orkumælir, þrífasa	6 215,00	(7 738,00)	kr/ári
Orkumælir, þrífasa með straumsp.	6 949,00	(8 652,0)	kr/ári
Orkumælir fyrir sumarhús	9 036,00	(11 249,00)	kr/ári
Aflmælir	6 912,00	(8 605,00)	kr/ári
Aflmælar með straumspennum	7 681,00	(9 562,00)	kr/ári
Tvígjaldsmælir	6 947,00	(8 649,00)	kr/ári
Klukka	605,00	(753,00)	kr/ári

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	
1 x 63	49 626,00	(61 784,00)
3 x 63	53 762,00	(66 934,00)
3 x 100	85 323,00	(106 227,00)
3 x 200	168 693,00	(210 023,00)
3 x 315	267 745,00	(333 343,00)
3 x 400	341 728,00	(425 451,00)
3 x 710	607 277,00	(756 060,00)
3 x 1200	1 020 835,00	(1 270 566,00)

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði rafveitunnar að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnaðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Bráðabirgðaheimtaug:

1 x 63	kr. 13 411,00	(16 697,00)
3 x 63	kr. 18 087,00	(22 518,00)

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Gjald fyrir enduropnun kr. 1 300,00 (1 618,00)
 Ef fasvikstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Aukaálestur kr. 520,00 (647,00)

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 17, 24. janúar 1990 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1991.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins frá og með 1. júlí 1991:

Gjaldskrá heilsölu hækkar um	5,0%
Allir liðir smásölugjaldskrár hækka um	5,0%
nema gjaldskrá fyrir heimtaugar sem breytist ekki.	
Heitt vatn frá kyndistöð á Höfn hækkar um	5,0%

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 1. júlí 1991:

Gjaldskrá Rafveitu Stokkseyrar, nr. 51, 17. janúar 1991:
 Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5,0%

Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, nr. 52, 17. janúar 1991:
 Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5,0%

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.